

# Ekki beinlínis frumlegt

Eftir Svavar Gestsson



Svavar Gestsson

„MAÐUR sér það bara á honum þegar maður talar við hann að hann hefur ekkert í þetta að gera, ekki nokkurn skapaðan hlut. Það sem meira er – enginn samninga-nefndarmannanna, held ég.“ Þetta segir Þór Saari alþingismaður um mig og samninganeftir minna í Icesave-málinu. Fyrirsögnin er: Svavar full-komlega vanhæfur.

Af þessu tilefni skal þetta sagt: Ég er vanur að taka við svona kvæðskap í gegnum langa tíð í stjórnmálum áður en ég varð sendiherra. Síðustu árin sem sendiherra hef ég verið laus við svona orðaleppa en neita því ekki að ég bjó mig undir það er ég tók við formennsku í Icesave-nefndinni að ég gæti átt von á ýmsu. Poli það vel þótt því sé reyndar ekki að neita að ég finn að skráurinn er aðeins þynnri en hann var, sérstaklega þegar reynt er að mudda öðrum upp úr því sem ég á einn.

En hitt skal sagt: Ég mótmæli af öllum kröftum atlögu Þórs Saari að samninganeftir minni og samstarfsmönnum. Þar er hæfur maður í hverju rúmi og enginn þeirra hefði mátt vera fjarri vettvangi. Hið sama segi ég um þau sem störfuðu næst nefndinni allan tímann. Þetta fólk eru nefndarmennirnir Indriði H.

Porláksson, þá settur ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, Martín Eyjólfsson, sviðsstjóri í utanríkisráðuneytinu, Páll Þórhallsson, lögræðingur í forsætisráðuneytinu, Áslaug Arnadóttir, vararáðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu, og Sturla Pálsson, yfirmáður alþjóðasviðs Seðlabankans. Ég nefni líka hér til sögu lögræðingana Sess-elju Sigurðardóttur og Einar Gunnarsson og svo stóast en ekki síst doktorsmema í vísindaheimspeki, Hugin Frey Þorsteinsson, minn nánasta samstarfsmann.

Ég heiti á fólk þótt vilji sækja mál sitt og verja af hörku að láta

» Ég heiti á fólk þótt það vilji sækja mál sitt og verja af hörku að láta þetta öflugna lið sem ég taldi upp í friði.

Þetta öflugna lið sem ég taldi upp í friði. Vandinn er hins vegar sá að hálfannleikur oftast er óhrækjandi lygi. Það er erfitt að svara svona áðurvið eins og þeim er fram kemur í viðtali mbl.is við Þór Saari, ekki síst þegar hann bætir við orðunum „held ég“. Í svona máli eiga alþingismenn nefnilega helst ekki að fullyrða það sem þeir halda. Bara það sem þeir vita.

Alþingismanninum virðist vera í nöp við mig persónulega. Mér er ekki í nöp við hann. Hann er ósam-mála mér um Icesave-samninginn. Sú afstaða byggist vonandi á því sem hann veit en ekki því sem hann heldur. Hann boðaði ný vinnubrögð á alþingi. Persónulegt skítkast er ekki beinlínis frumlegt.

Höfundur var formaður Icesave-nefndarinnar.

# Gissur jarl í Steingrímshöfði

Eftir Guðna Ágústsson



Guðna Ágústsson

EKKERT hefur breyst í pólitik og tilfinningum í sjö hundruð fjórutíu og sjö ár. Tveir öflugustu stjórn-málameð hjóð-arimar, annar uppi á þrettándu öld, hinn uppi á tuttugustu og fyrstu öldinni, hugsa eins og velja að fara eins að til að halda völdum. Gissur var langþryggtur á erjum og illdeilum við Sturlungana sem sátu um líf hans og yfirráð í landinu. Landið var þá vegna ofríðar að hverfa inn í kreppu og versnandi lífskjör. Gissur náði völdum með því að selja Ísland Noregi á hönd. Þar með var friður tryggður með vopnuðu valdi konungs, ef svo bar umir.

Gamli sáttmáli varð til og festi Ísland í fjötura í sjö myrkar aldir. Ég sem þetta skrifa hef fyrir löngu fyrirgefið Gissuri frænda mínum glöpskuna þótt dýrkeypt væri. Fræðimenn hafa líka haldið því fram að Gamli sáttmáli hafi verið gerður með þeim rökum að hægt var að hefja ofan af honum og snúa á ný til sjálfstæðis þjóðarinnar.

Jón Sigurðsson forseti fann leiðina og vann áfangasigra einn af öðrum, sem lauk svo með fullnádarsigri á Þingvöllum 1944. Lýðveldið var stofnað eftir þjóð-aratkvæðagreiðslu sem nú má ekki nefna þegar lýðveldið er sett á uppboðsmarkað að þjóðinni forspurðri. Jóhanna Sigurðardóttir og Samfylkingin vilja engar tafir eða samtöl við þessa þjóð sína, lýðræðið telur hún nú til hölvunar.

Steingrímur J. fellur í garð gryfju flokksræðisins að handjarna þingmenn sína og nauða þeim til að fara gegn eigin samfæringu og ályktunum flokksins.

## Steingrímshöfði hefst

Steingrímur Sigfússon er vel máli farinn og ræðumaður góður eins og Gissur Þorvaldsson. Ekki hefur Steingrímur skort hugsjónir og baráttubrek. Enginn trúði því að hann gæti tekið u-beygi og sagt allt annað í dag en í gær. Engum datt í hug að þessi kjarnmyrtasti stjórnmalamaður samtímans gerðist mildur og myndi bregða sér í gervi klækjarefins, til þess töldum við flest að hann væri of heiðarlegur og stefnufastur. Steingrímur var að vísu orðinn langþjóður af völdum Sturlunga samtímans, sem eru sjálfstæðismenn. Þeir hafa ráðið hér lögum og lofum í hátt í átján ár með stuðningi kratanna fyrst, svo okkar framsóknarmanna og undir lokin með Samfylkingunni. Hann þarf eins og Gissur að tryggja sér pólitískt land og framtíðarfríð.

Samfylkingin er að hans mati eini flokkurinn sem það getur stæðar sinnar vegna og víða falla skoðanir saman, þótt hlyðypisgjár skilji þessa flokka að á mörgum sviðum. Steingrímur metur það svo

að best sé að éta Samfylkingargrautinn þótt saltur sé og það lætur hann sitt fólk gera. Hann tók við Íslandi föllu úr þrotabúi sem Samfylkingin sat í. Hann reisti ekki kröfur á hendur Bretum sem lýstu Ísland gjaldþrota og beittu okkur lögum sem voru sett stríðsgleðipamönnum til höfuðs. Evrópa

» Það mun enginn fyrirgefa Steingrími að hafa fyrstur hleypt Samfylkingunni áfram með málið og þar með sett það á dagskrá íslenskra stjórn mála ...

öll lokaði á landið okkar, enda annar valdamesti maður heimsins, Gordon Brown, sem sagði það gjaldþrota. Alþjóðagjaldleyrissjóðurinn er framhönd Evrópusambandsins og heldur okkur í dýfingarskálanni.

Icesave-málið er versta mál Íslandsögunnar og verður dæmt sem slíkt í framtíðinni af umheiminum. Þar er dvergaxin varnarlaus og vann áfangasigra einn af öðrum, sem lauk svo með fullnádarsigri á Þingvöllum 1944. Lýðveldið var stofnað eftir þjóð-aratkvæðagreiðslu sem nú má ekki nefna þegar lýðveldið er sett á uppboðsmarkað að þjóðinni forspurðri. Jóhanna Sigurðardóttir og Samfylkingin vilja engar tafir eða samtöl við þessa þjóð sína, lýðræðið telur hún nú til hölvunar.

Steingrímur J. fellur í garð gryfju flokksræðisins að handjarna þingmenn sína og nauða þeim til að fara gegn eigin samfæringu og ályktunum flokksins.

## Evrópusambandið var það

Það liggur fiskur undir steini, Samfylkingin vill í Evrópusambandið og ekkert má gera sem lætur Steingrímur skort hugsjónir og baráttubrek. Enginn trúði því að hann gæti tekið u-beygi og sagt allt annað í dag en í gær. Engum datt í hug að þessi kjarnmyrtasti stjórnmalamaður samtímans gerðist mildur og myndi bregða sér í gervi klækjarefins, til þess töldum við flest að hann væri of heiðarlegur og stefnufastur. Steingrímur var að vísu orðinn langþjóður af völdum Sturlunga samtímans, sem eru sjálfstæðismenn. Þeir hafa ráðið hér lögum og lofum í hátt í átján ár með stuðningi kratanna fyrst, svo okkar framsóknarmanna og undir lokin með Samfylkingunni. Hann þarf eins og Gissur að tryggja sér pólitískt land og framtíðarfríð.

Samfylkingin er að hans mati eini flokkurinn sem það getur stæðar sinnar vegna og víða falla skoðanir saman, þótt hlyðypisgjár skilji þessa flokka að á mörgum sviðum. Steingrímur metur það svo

Gamli Sáttmáli Gissurar var að því leyti betri að undan honum var hægt að komast, undan Evrópusambandinu kemst enginn. Það mun enginn í framtíðinni fyrirgefa Steingrími að hafa fyrstur hleypt Samfylkingunni áfram með málið og þar með sett það á dagskrá íslenskra stjórn mála.

Höfundur er fyrrverandi alþingismaður og landbúnaðarráðgjafi.

# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinnna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 40 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til með 15. júlí 2009, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 6. júlí 2009 og önnur gjaldfallin álögd gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. júlí 2009, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabíla, skráningargjaldi vegna lögskráninga sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skatttranssóknarstjóra, ofgreiddri uppbot á eftirlaun og álöögum þing- og sveitarstjórnsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 12.700 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 1.350 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Er gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, áfengisgjald, fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem hlífveð fylgir mega búast við að sendi verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuáhræði þannig að fyrrgreindur 40 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. júlí 2009.

Tollstjóri  
Sýslumaðurinn í Kópavogi  
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði  
Sýslumaðurinn í Keflavík  
Sýslumaðurinn á Akranesi  
Sýslumaðurinn í Borgarnesi  
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi  
Sýslumaðurinn í Búðardal  
Sýslumaðurinn á Ísafirði

Sýslumaðurinn í Bolungarvík  
Sýslumaðurinn á Patreksfirði  
Sýslumaðurinn á Hólumvík  
Sýslumaðurinn á Siglufirði  
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki  
Sýslumaðurinn á Blönduósi  
Sýslumaðurinn á Akureyri  
Sýslumaðurinn á Húsavík  
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Sýslumaðurinn á Eskifirði  
Sýslumaðurinn á Höfn  
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum  
Sýslumaðurinn á Selfossi  
Sýslumaðurinn í Vík  
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Vöggusængur  
vögguset  
PÓSTSENDUM  
Tafubúðin  
Skólavörðustíg 21 • sími 551 4050 • Reykjavík